



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Peningaframléiðandi Franski listamaðurinn Yann Dumoget ræðir við nemendur Listaháskólans um listaverkið.

Peningar sem eru list

- Listamaðurinn Yann Dumoget býr til eins manns hagkerfi
- Fólk getur skipt seðlum sem það býr til í íslenskar krónur

Börkur Gunnarsson
borkur@mbl.is

Franski listamaðurinn Yann Dumoget hefur ferðast mikið um heiminn og einsog allir sem það gera hefur hann íðulega þurft að skipta um gjaldeyri. Það varð til þess að hann fór að velta því fyrir sér, hvað þessir seðlar merktu og hvað þeir væru.

Þegar efnahagshrunið varð og verðgildi seðla í sumum löndum hrundi niður í nánast ekki neitt á meðan annarstaðar hélt verðgildið svipað og það var, þá kom upp í honum löngun til að hefja samræðu um peninga á þann máta sem hann kann að efna til samræðu; með gjörningi.

„Allir í heiminum urðu fyrir áhrifum af þessu hruni, en þið funduð hvað mest fyrir því,“ segir Dumoget. „Ég er ekki hagfræðingur, ég veit afskaplega lítið um hagkerfi. En ég heyrði einhvern slíkan setja fram þá kenningu að vandamálið væri hvað fjárhagskerfi heimsins væri orðið stórt og það væri allt samtengt. Í raun bara eitt fjármálakerfi sem væri alltof stórt fyrir hinn venjulega

mann. Þá datt mér í hug að búa til hagkerfi sem væri svo lítið að það einskorðaðist við einn mann. Að allir byggju sér til sitt hagkerfi og færu í sína eigin peningaframléiðslu. Þetta er persónulegt peningakerfi. Fyrir mér er listin mikilvægari en peningar, en núna er ég að gera peninga sem eru list og list sem eru peningar.“

Gjörningurinn byggist á því að það sé okkar að búa til peningana fyrir Dumoget. Hann er síðan með gjaldeyrisútibú víða um bæinn þar sem hann skiptir peningunum í íslenskar krónur. Hver sem er getur búið til tíu þúsund króna útgefinn af sér sjálfum og skipt honum í íslenskar krónur í útibúi Dumogets. Erfitt mun reynast að verða ríkur á þessu í íslenskum krónum, því algengasta verðið fyrir seðlana eru nokkrar krónur, enda er um táknræna athöfn að ræða.

Dumoget hefur þegar sett upp gjaldeyrisútibú í Listaháskóla Íslands og í Fjölbrotaskólanum í Garðabæ og hann mun fara víðar. Hann segir að skilaboðin sem fólk

vilji koma á framfæri séu mörg skemmtileg. Því í raun segi það mikið um gildismat fólks hvað það setji á seðlana sína. Rétt einsog það segir margt um gildismat þjóða hvað þær setja á seðla sína. Á hans seðla hafa Íslendingar teiknað regnboga og dýr, auk þess sem skilaboðin á seðlunum hafa oft verið tengd friði og ást. „Einn skrifaði setninguna: Ekki nota eitrulyf. Og á einn seðlim sem ég fékk var skrifað: Peningar eru það eina sem skiptir máli!“



Kimmidoll á Íslandi

